

**Nd.**

## **235. Nefndarálit**

um frv. til 1. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Aðalnýmæli frumvarpsins eru þessi:

1. Tekjur fiskimálasjóðs verði auknar stórlega eða að minnsta kosti fjórfald-  
aðar frá því, sem þær hafa verið undanfarið, og heimiluð 10 milljón króna lán-  
taka að auki.

2. Fiskimálanefnd verði lögð niður og Fiskifélagi Íslands ætluð að mestu sú  
forysta í sjávarútvegsmálum, sem þeirri nefnd hefur verið falin. En þriggja manna  
stjórn fiskimálasjóðs er ætlað að úrskurða um fjárveitingar úr sjóðnum í sam-  
ráði við Fiskifélagið, í stað þess, að ráðherra hefur haft úrskurðarvaldið í sam-  
ráði við fiskimálanefnd.

3. Félögum útvegsmanna og fiskimanna er ætlaður forgangsréttur að þeim  
stuðningi, sem fiskimálasjóður veitir til iðnrekstrar og nýjunga í sjávarútvegi.

4. Fiskimálasjóði er ætlað að styðja sérstaklega bátakaup eða bátasmíði á þeim  
útgerðarstöðum í landinu, þar sem tilfinnanleg vontun er báta, en lítið fjármagn  
fyrir hendi til framkvæmda.

Sjávarútvegsnefnd hefur leitað umsagnar stjórnar Fiskifélags Íslands um  
málið, og létt hún uppi svofellt álit á málinu:

„Félagsstjórnin er því meðmælt, að fiskimálasjóður verði efldur sem mest og  
er samþykkt þeirri skipulagsbreytingu á sjóðnum, sem felst í frv. á þskj. 12, um  
fiskimálasjóð, markaðsleit o. fl., það sem hún nær.“

Sjávarútvegsnefnd hefur klofnað um málið. Meiri hluti nefndarinnar hefur  
tekið ákvörðun um að mæla ekki með frumvarpinu, en minni hluti nefndarinnar  
mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 4. gr. Í stað „200000“ komi: 300000.

Alþingi, 26. nóv. 1945.

Eysteinn Jónsson.